

**154. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 22. október 2020
og hófst hann kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Ásgerður Þorleifsdóttir formaður, Inga María Guðmundsdóttir aðalmaður og Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður.

Embættismenn:

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Styrkir til menningarmála 2020 - 2020010033

Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir menningarmála vegna haustúthlutunar 2020, en málinu var frestað til næsta fundar, á 153. fundi nefndarinnar þann 17. september 2020.

Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir til menningarmála, vegna haustúthlutunar 2020.

Nefndin ákveður að styrkja eftirfarandi verkefni:

- 1. Bergþór Pálsson, hádegistónleikar - kr. 80.000*
- 2. Félag ferðaþjóna í Öfundarfirði, viðburðir á Flateyri - kr. 190.000*
- 3. Litli leikklúbburinn, leiksýning - kr. 190.000*
- 4. Lísbet Ólafardóttir, Halla Mía Ólafsdóttir, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, "Heyrðu" - í Heimabyggð -kr. 120.000.*
- 5. Signý Þöll Kristinsdóttir, tónleikar á Dýrafjarðarhelgi - kr. 45.000.*

2. Málefni safna í Ísafjarðarbæ - 2019080002

Á 153. fundi atvinnu- og menningarmálanefndar, þann 17. september 2020, fól nefndin starfsmanni að kalla eftir þarfagreiningu á geymslurými fyrir byggðasafn og skjala-, ljósmynda- og listasafn sveitarfélagsins.

Lögð er nú fram þarfagreining vegna safngeymslumála Byggðasafns, Skjalasafns og Listasafns, dags. 7. október 2020, unnin af Guðfinnu M. Hreiðarsdóttur, forstöðumanni Skjala- og ljósmyndasafns Ísafjaðar, og Jónu Símoníu Bjarnadóttur, forstöðumanni Byggðasafns Vestfjarða.

Nefndin þakkar góða greiningu og leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að finna framtíðarlausn fyrir safngeymslur sveitarfélagsins.

Málinu vísað til bæjarráðs.

3. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033 - 2020070011

Atvinnu- og menningarmálanefnd endurskoðar Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033.

Umræður fóru fram.

Nefnin vinna áfram að endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2021-2033.

4. Munir til varðveislu - slit á félagi - 2020090008

Lagt fram til kynningar bréf Jónu Símoníu Bjarnardóttur, forstöðumanns Byggðasafn Vestfjarða, dags. 30. september 2020, þar sem upplýst er um að munir í eigu Húsmæðraskólanum Ósk hafa verið formlega gefnir Byggðasafninu. Safnið mun fara yfir munina, koma skjölum á skjalasafn og hreinsa úr safninu.

Jafnframt lagt fram til kynningar yfirlýsing stjórnar Kvenfélagsins Óskar, dags. 11. september 2020, vegna málsins.

Bæjarráð vísaði erindinu til atvinnu- og menningarmálanefndar, á 1124. fundi sínum, þann 5. október 2020.

Lagt fram til kynningar.

5. Skýrslur ferðamála á Þingeyri - 2020090099

Lögð fram til kynningar skýrsla Jónínu Hrannar Símonardóttur, formanns Koltru, dags. 20. september 2020, vegna Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Þingeyri fyrir árið 2020.

Málið var jafnframt kynnt á 1124. fundi bæjarráðs þann 5. október 2020.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

Ásgerður Þorleifsdóttir

Inga María Guðmundsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Bryndís Ósk Jónsdóttir